


GILDANDI DEILISKIPULAG 1:5000
Auglýst í B-deild 06.05.2022




BREYTINGAR TILLAGA 1:5000

## Greinargerð

Gera þarf breytingu á afmörkun deiliskipulags Reykjanesbrautar vegna nýs deiliskipulags Kapelluhrauns sem liggur sunnan við Reykjanesbraut. Einnig er verið að bæta við undirgöngum og lagnaleið undir Reykjanesbraut.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Afmörkun deiliskipulagsins sunnan við mislæg gatnamót við Straumsvík afmarkast við hringtorgið sunnan við Reykjanesbraut en vegtengin við Álhellu færist yfir í deiliskipulag Kapelluhrauns. Bílastæði sem þjónar Kapellutóftum, Kapellutóftir og dreifistöð HS Veitna eru áfram innan deiliskipulags Reykjanesbrautar og með óbreyttum skilmálum. Sjá nánar á uppdrætti.
- Bætt er við undirgöngum fyrir bílaumferð undir Reykjanesbraut við aðkomuveg að dælu- og hreinsistöð austan við álverið en vestan við áætluð undirgöng fyrir stofnstíg. Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu frá iðnaðarhverfinu sunnan við Reykjanesbraut um undirgöngin, um aðkomuveg að dælu- og hreinsistöð og að lóð álversins. Vegna nýrra undirganga fyrir bílaumferð fellur út núverandi hægri beygja frá Reykjanesbraut að dælu- og hreinsistöðinni.
- Lagnabelti. Bætt er við nýju lagnabelti undir Reykjanesbrautina austan við háspennulínurnar austan álversins. Einnig er bætt við skilmála í kafla 2.4 um lagnir og strengi að sýnd lega lagna á uppdrætti er leiðbeinandi.

Að öðru leiti er vísað í gildandi greinargerð, skilmála og umhverfisskýrslu sem öðlaðist gildi 06.05.2022.

### Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru talin fremur takmörkuð þar sem aðeins er verið að minnka skipulagssvæðið auk þess að bæta við undirgöngum akandi auk lagnaleið. Helst mætti telja að jákvæð áhrif væru vegna aukins umferðaröryggis þar sem hægri beygja frá Reykjanesbraut að dælu- og hreinsistöðinni fellur út.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð samkvæmt 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann _____________.

_______________________________

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Tillagan var auglýst frá ____________til____________

Deiliskipulagsbreyting þessi öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _________________.



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPLAGS 2013 - 2025




YFIRLITSMYND 25000

SKÝRINGAR

| | | |
|---|---|---|
| SKIPULAGSMÖRK | UNDIRGÖNG | HÁSPENNA helgunarsvæði |
| VEGIR | GÖNGU- OG HJÓLASTÍGUR | HÁSPENNA núverandi |
| VEGRIÐ | DREIFISTÖÐ HS VEITNA lóðarmörk /byggingarreitur | HÁSPENNA fyrirhuguð skv aðalskipulagi |
| VEGÖXL | NÁTTÚRUVERND | RAFLAGNIR |
| VEGHELGUN | FRIÐLÝST | VATNSLAGNIR |
| | MINJAR | KVÖÐ UM LAGNALEIÐ |

Sjá jafnframt meðfylgjandi greinargerð og umhverfisskýrslu
dagsett 1.11.2021, breytt 14.02.2022.

Meters
100 0 100 200
1:5000

HAFNARFJARÐARBÆR
BREIKKUN REYKJANESBRAUTAR
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:5000 | TEIKN NR: | 01 |
| DAGS: | 09.02.2022 | HANNAÐ: | ói/hn |
| FLOKKUR: | 1400-hafn_A | TEIKNAÐ: | ói/hn/er |
| SKRÁ: | 20152-DSK.dwg | VERKNR: | 20152 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\1400-HAFN\A\20152-REYKJANESBRAUT-DSK\TEIKN\DWG\01.2023_BREYTING\20152-DSK.DWG